

Aðalfundur Meiðs 2021

Aðalfundur Meiðs var haldinn 15. maí með fjarfundarformi; í Skógargerði, í Reykjavík, í Neskaupstað og í Gautaborg

Í Skógargerði voru:

Hermann Hermannsson
Sólrún Víkingsdóttir
Sigfús Ingi Víkingsson
Dagný Sigurðardóttir
Sigríður Guðmundsdóttir

Á Zoom voru:

Sigríður D. Þorvaldsdóttir
Helgi Ómar Pálsson Reykjavík
Ingigerður Sólveig Sverrisdóttir, Gautaborg sverige
Ívar Ásgeirsson, Reykjavík
Marinó Stefánsson, Neskaupstað
Smári Hermannsson, Reykjavík

Hermann setti fund kl. 11:10. Sólrún Víkingsdóttir tók að sér fundarstjórn, fundargerð ritaði Marinó Stefánsson.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi 2020 og skipaði hún með sér hlutverkum á fyrsta stjórnarfundum og er eftirfarandi:

Formaður Hermann Hermannsson
Gjaldkeri Helgi Ómar Pálsson
Ritari Marinó Stefánsson
Meðstjórnendur, Björn Sveinsson og Nína Helgadóttir.
Varamenn Björgheiður Margrét Helgadóttir, Þuríður Skarphéðinsdóttir og Þórunn Gró Friðjónsdóttir

Haldnir voru tveir bókaðir fundir auk nokkurra sem voru óformlegir. Því miður varð að fresta ættarmóti vegna veirunnar, en vonandi tekst að halda mótið á næsta ári.

Tryggingar og brunabótamat vegna hússins hafa verið endurskoðaðar og upphæðir hækkaðar til samræmis við raunveruleg verðmæti húss og innbús.

Verklegar framkvæmdir frá síðasta aðalfundi hafa ekki verið neinar. Uppgjör reikninga er miðað við áramót.

Útleiga húss

Húsið var leigt út í aðeins 7 vikur og tvær helgar á árinu 2020. Notkun á húsinu mætti þó vera meiri og þegar eldhúsinnrétting hefur verið endurnýjuð með nýttiskú tækjum þá er hugsanlegt að aðsókn verði meiri og ekki síst eftir að komin er snyrting á 1. hæðinni.

Fyrirhugaðar framkvæmdir

1. Sett verður nýtt brunaboðunarkerfi ásamt vatnsskynjurum. Tilboði frá Securitas hefur verið tekið
2. Flóttaleið af efri hæð.
3. Lagfæra grjóthleðslu sunnan við hús (vantar sjálfboðaliða).
4. Nauðsynlegt er að ganga frá hatti á austurstafni.
5. Mála 1. hæð og kjallara að innan.
6. Þakrenna á norðurhlið, æskilegt að ganga frá þakrennu og tveimur niðurföllum á norðurhlið.
7. Athugað hvort hægt er að koma straum fyrir hjólhýsi á Ættarflötina.

Ritnefnd

Ekki hefur gengið eftir að vekja upp ritnefnd eins og Indriði hafði stungið uppá og hafði tilnefnt ritstjóra.

Gaman væri ef þetta tækist og hægt verði að bæta við fróðleik á heimasíðuna. Hvað þarf að gera til að vekja upp áhuga á skrifum?

Ættartalan

Ættartalan var uppfærð í byrjun árs 2017 og hægt er að skoða það á heimasíðunni sem er einnig snjallsímavæn og fljótlegt að fletta upp þegar þarf að glöggva sig á ættartengslunum í skyndi. Væntanlega hefur okkur fjölgað síðan þá og væri mjög vel þegið ef upplýsingar um það berist og eins ef einhverjar leiðréttingar þarf að gera, þá vinsamlega hafið samband við Hermann, sími: 894 8602 eða í gegnum tölvupóst: hermann@skogargerdi.is

2. Reikningar félagsins lagðir fram

Helgi Ómar Pálsson lagði fram reikninga félagsins. Tekjur félagsins (félagsgjöld, leiga, endurgreiðslur o.fl., u.þ.b. kr. 1.263.879) stóðu vel undir rekstri hússins sem var um 806.000 kr. Rafmagn hefur hækkað og einnig var endursamið um tryggingar. Framkvæmdir upp á 2.255.699 milljónir. Staðan á reikningnum um áramót var kr. 545.231.

Eftir á að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna framkvæmda á árinu 2020.

3. Kosning skoðunarmanna reikninga

Ragnheiður Guðnadóttir og Helgi Ómar Bragason voru kosin með lófaklappi.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.

5. Ákvörðun félagsgjalda og leigugjald

Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld og leigugjald og var það samþykkt samhljóða.

Leiga fyrir húsið er sem hér segir:

Aðeins hægt að leigja minnst viku yfir sumarmánuðina

júní, júlí og ágúst: kr. **47.600** vikan

aðrir mánuðir: kr. **36.400** vikan

Helgarleiga: kr. **16.800** (*utan sumarmánaða*)

Stakir dagar; kr. **8.400** (*utan sumarmánaða*)

ATH. Árgjald leggst ofaná leigu hafi það ekki verið greitt

6. Önnur mál

Ættarmóts vangaveltur um það ef næsta ættarmót verður 2022 hvenær verður þá næsta mót haldið eftir fimm ár eða á að halda sig við 2025.

Lagfæra grjóthleðslu sunnan við hús (vantar sjálfboðaliða). Það þarf að laga hana frá innganginum að nýju stéttinni að vestan. Baldur Pálsson fær allan stuðning fundarins til að koma þessu verki af stað.

Brunakerfi verður vaktað af Baldri Pálssyni og Birni Sveins ásamt Hlyni Bragasyni.

Tæknimálin rædd, ljósleiðari, hvort það eigi að taka inn ljósleiðara um leið og bústaðirnir verða tengdir með ljósleiðara.

Annað gerðist ekki. Fundi slitið kl 11:55.